



Viðbragðsáætlun Háskóla Íslands vegna Covid-19 veirufaraldurs 2020



4. útgáfa
24.09.2020

1 Virkjun og afboðun viðbragðsáætlunar.

Almannavarnir tilkynna viðbúnaðarstig og breytingar á þeim.

Dagsetning	Flokkur	Skýring
27. janúar 2020	Óvissustig	Tilkynning frá Landlækni
28. febrúar 2020	Hættustig	Tilkynning frá Landlækni
6. mars 2020	Neyðarstig	Tilkynning frá Landlækni

1.1 Viðbúnaður í Háskóla Íslands.

Ef almannavarnir tilkynna um breytt viðbúnaðarstig er brugðist við því strax.

Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi eða kennslufyrirkomulagi við Háskóla Íslands án þess að tilkynnt hafi verið um breytt viðbúnaðarstig, t.d. vegna mikilla forfalla.

Rektor og forsetar fræðasviða bera ábyrgð á slíkum ákvörðunum með hefðbundnum hætti.

1.2 Afboðun

Afboðun viðbragðsáætlunar Háskóla Íslands skal ekki eiga sér stað fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum (Sóttvarnarlækni hjá Landlæknisembættinu eða Almanna-vörnum).

1.3 Verkefnastjórn

Rektor hefur skipað verkefnisstjórn um gerð viðbragðsáætlunar sem vinnur eftir leiðbeiningum frá Almanna-vörnum og sóttvarnalækni hjá Landlæknisembættinu.

Í verkefnisstjórn sitja:

Eva Benediktsdóttir, örverufræðingur

Jón Örn Guðbjartsson, sviðstjóri Markaðs og samskiptasviðs

Sigríður Klara Böðvarsdóttir, forstöðumaður Lífvísindaseturs, situr í öryggisnefnd

Snorri Páll Davíðsson, starfsmaður öryggisnefndar

Sveinbjörn Gizurarson, formaður öryggisnefndar

1.4 Upplýsingaöflun og dreifing

- Neyðarstjórn fylgist með þeim skilaboðum sem send eru út frá yfirvöldum, þ.e. sóttvarnarlækni og/eða almanna-vörnum.
- Komi fram nýjar upplýsingar um smitleiðir, meðgöngutíma eða aðrar upplýsingar sem skipta skólann máli munu þær birtast á vef landlæknis. Viðbragðsáætlunin tekur mið af þeim og vísar á þær.
- Markaðs og samskiptasvið setur ábendingar og leiðbeiningar á vefi háskólans.

2 Viðbragðsáætlun

2.1 Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólinn upplýsir starfsfólk, nemendur og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

Markaðs og samskiptasvið útbýr tilkynningu í samráði við Neyðarstjórn Háskóla Íslands: Nemendur og starfsmenn verða upplýstir um faraldurinn með því að senda út tölvupóst. Auk þess verða settar inn borðar á vefsíðu HÍ og Uglu sem vísa á vef landlæknis:

<https://www.landlaeknir.is/>

2.1.1 Skilaboð til yfirmanna þjónustuborða og félagsstofnunar stúdenta.

- Viðbragðsáætlun er í gildi - Óvissustig
- Þeir hugleiði hvernig á að bregðast við ef viðbúnaðarstig er hækkað.
- Þjónustuborð eru líklegir smitstaðir. Þar er fólk að taka á móti viðskiptavinum og skiptast á gögnum við þá.
- Upplýsingabæklingur landlæknis: Leiðbeiningar fyrir framlínustarfsmenn
 - Til á fjórum tungumálum, Íslensku, Ensku, Pólsku og Spænsku
 - <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/upplýsingar-vegna-ferdalaga/>
- Starfsfólki bent á að kynna sér spurningar og svör af vef landlæknis
 - <https://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item38911/Spurningar-og-svor-wardandi-koronaveiruna->

2.1.2 Skilaboð til umsjónarmanna

- Þeir dreifi veggspjöldum
- Þeir dreifi handspritti

2.1.3 Skilaboð til allra, starfsmanna og nemenda

- Viðbragðsáætlun er í gildi - Óvissustig
- Fólk hvatt til að fylgjast með upplýsingum frá Sóttvarnalækni/Landlækni
 - <http://landlaeknir.is>
- Fólk er hvatt til að þvo sér oft um hendurnar
- Veggspjöld
 - „Fimm leiðir til að forðast flensuna“, Sömu reglur gilda fyrir Kórónaveiruna.

2.1.4 Skilaboð til sviðsforseta og deildarforseta

- Viðbragðsáætlun er í gildi - Óvissustig
- Sviðs- og deildarforsetar eru hvattir til að ræða við sitt fólk um hvernig á að bregðast við ef viðbúnaðarstig er hækkað.
- Beina því til kennara að þeir kynni sér fjarkennslubúnað hafi þeir ekki þegar gert það (sjá kafla 2.4).
- Beini því til kennara að ákveða hvernig tekið verður á próftökurétti nemenda í námskeiðum þar sem er skyldumæting. Kennarar bjóði upp á aðrar lausnir fyrir nemendur sem ekki komast í verklega tíma vegna veikinda eða ef kennsla fellur niður.
- Á að loka einhverri þjónustu á hættustigi?
 - t.d. skrifstofum eða þjónustuborðum?

2.2 Hættustig

Til viðbótar við óvissustig, þá bætast eftirfarandi liðir við:

Neyðarstjórn Háskóla Íslands mun hittast og fara yfir næstu skref og þær aðgerðir sem gæti þurft að fara í.

Það er mikilvægt að viðbrögð skólans verði yfirveguð og byggð á fyrirmælum almanna- varna. Allar upplýsingar og ábendingar sem sendar voru á óvissustigi verða ítrekaðar.

- Markaðs og samskiptasvið mun útbúa upplýsingar í samvinnu við Neyðarstjórn og sjá um dreifingu þeirra á vef.
- Samskiptamiðlar nýttir til að dreifa efni.
- Sérstökum veggspjöldum dreift.
 - „Dragðu úr sýkingarhættu” frá landlækni

2.2.1 Skilaboð til allra, starfsmanna og nemenda

- Fylgið fyrirmælum almannavarna.
- Ekki vera á ferðinni að óþörfu
- Verið heima ef þið finnið fyrir einkennum, ekki koma veik í skólann.
- Verið heima þar til fullri heilsu er náð.
- Biðjið samstarfsfólk að sinna sýnum/ræktum o.s.frv.
- Gáið hvert að öðru, sendið fólk heim ef það virðist veikt.
- Gáið sérstaklega að fólki sem ekki hefur tengslanet á Íslandi
- Tilkynnið veikindaforföll eins og venjulega

2.2.2 Skilaboð til sviðsforseta og deildarforseta

- Forsetar hvers fræðasviðs komi skilaboðum til starfsmanna um að framfylgja viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

2.2.3 Skilaboð til kennara

- Sömu og til allra starfsmanna
- Til viðbótar:
 - Kennarar eru hvattir til að nýta sér fjarkennslu úrræði ef þeir lenda í sóttkví (sjá kafla 2.4)
 - Kennarar eru hvattir til að leita leiða til að nemendur sem veikjast eða eru settir í sóttkví, haldi próftökurétti.
 - Kennarar skulu tilkynna veikindaforföll sem rekja má til þessarar veiru.

2.3 Neyðarstig

Til viðbótar við Hættustig, skulu eftirfarandi liðir settir í gang:

- Neyðarstjórn Háskóla Íslands fundar og leggur á ráðin. Rektor og forsetar fræðasviða stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi.
- Rektor tekur formlega ákvörðun um að stöðva hefðbundna starfsemi eftir fyrirmælum almannavarna.
 - Ef lýst er yfir samskiptabanni
 - * Öll kennsla leggst niður í byggingum skólans
 - * Kennsla heldur áfram í fjarkennslu eins og við verður komið
 - * Lesrýmum nemenda verður lokað
 - * Starfsmenn sem hafa aðgang að byggingum geta unnið á skrifstofum sínum
 - * Þjónustuborð verða opin
 - Ef lýst er yfir lokun skólans.
 - * Byggingum skólans verður lokað
 - * Aðeins tilteknir starfsmenn hafa aðgang að byggingum
 - Neyðarstjórn
 - Aðrir: Vakthafandi umsjónarmaður mun geta læst þeim húsum sem annars eru opnar á daginn, milli 7-16. Hann getur einnig tekið fyrir rafrænan aðgang, sé þess þörf. Ef fólk þarf að komast inn í læstar byggingar til að forða sýnum eða frumuræktum frá skemmdum, skal ræða við vakthafandi umsjónarmann í síma: 834-6512
 - * Kennsla heldur áfram í fjarkennslu eins og við verður komið
 - * Öryggismál fasteigna og búnaðar á meðan á lokun stendur.

- Umsjónarmenn verða að störfum samkvæmt skipulagi reksturs fasteigna
- Öryggismiðstöðin er með vakt allan sólarhringinn - 530 2400
- Markaðs- og samskiptasvið skólans mun sjá um dreifingu upplýsinga.
 - * Ákvörðun verður tilkynnt á vef skólans og samskiptamiðlum
 - * Tilkynning lesin í útvarpi
 - * Áberandi auglýsingar hengdar upp við innganga bygginga
- Umsjónamenn með fjarkennslu þurfa að vera aðgengilegir í gegnum netið til að leiðbeina kennurum sem vilja halda kennslu áfram.
- Upplýsingatæknisvið sér til þess að tölvukerfið sé í lagi.

2.4 Viðbrögð við COVID-19 smiti

2.4.1 Grunur um smit

Starfsfólk: Ef starfsmaður finnur fyrir einkennum sem honum þykja líkjast Covid-19 á hann að halda sig heima og hafa samband við heilsugæslu án tafar og panta tíma fyrir sýnatöku. Fólk er beðið að koma ekki á heilsugæslustöðvar án þess að hafa samband fyrst. Á sama tíma lætur hann yfirmann sinn eða samstarfsfélaga í skólanum vita um þessar grunsemdir.

Nemendur: Ef nemandi finnur fyrir einkennum Covid-19 á hann án tafar að hafa samband við heilsugæslu og fá tíma fyrir sýnatöku. Fólk er beðið að koma ekki á heilsugæslu heldur hafa samand. Að sama skapi er fólk beðið að koma alls ekki í háskólann ef það grunar að það sé smitað.

Landlæknisembættið hefur gefið út ágætar leiðbeiningar um viðbrögð sem allir ættu að kynna sér, sérstaklega yfirmenn: [Sjá hér](#)

2.4.2 Staðfest smit

Ef smit er staðfest byrjar smitrakning undir stjórn Smitrakningarteymis almannavarna. Smitrakningateymið hefur samband við hinn smitaða og síðan við samstarfsfólk ef þess gerist þörf.

- Starfsmenn skulu láta sinn yfirmann eða sitt samstarfsfólk vita ef þeir fá staðfestingu á smiti og nemendur láta deildarskrifstofu eða sviðsskrifstofu vita eftir atvikum.
- Yfirmenn og skrifstofur sem fá tilkynningu um smit:
 - Tilkynna smitið til neyðarstjórnar í tölvupósti: neydarstjorn@hi.is
 - Senda tilkynningu á starfsmenn í þeirri byggingu þar sem hinn smitaði vinnur.
Ath. Ekki skal greina frá nafni þessa smitaða nema að fengnu upplýstu samþykki.
- Gerðar verða ráðstafanir til að sótthreinsa vinnusvæði hins smitaða og snertifleti á almennum svæðum.

- Samstarfsfólk beðið að gæta sérstaklega vel að samskiptafjarlægð og handþvotti eins og almennar leiðbeiningar kveða á um.

Samstarfsfólk hins smitaða ræðir málið og metur aðstæður. Þeir sem telja sig hafa verið í nánú samneyti við hinn smitaða eiga að fara í úrvinnslusóttkví á meðan smitrakningateymið vinnur en fáí þeir ekki skilaboð frá smitrakningateyminu samdægurs eða næsta dag eru þeir lausir allra mála. Ferli smitrakningar er lýst [hér](#).

2.4.3 Yfirveguð viðbrögð

Það er mjög mikilvægt að viðbrögð háskólans og starfsmanna hans séu yfirveguð. Sá sem veikist er sendur heim og við fylgjum fyrirmælum almannavarna og treystum ráðleggingum þeirra. Aðeins smitrakningateymið sendir fólk í sóttkví eða einangrun.

2.5 Rafrænir kennsluhættir

Kennarar eru beðnir að tileinka sér rafræna kennsluhætti og nota þær aðferðir ef þeir sjálfir eða nemendur þeirra eru settir í sóttkví eða ef samkomubanni er lýst yfir. Kennarar geta haldið uppi kennslu í gegnum fjarfundabúnað og haldið þannig áfram kennslu samkvæmt kennsluskrá.

Nánari leiðbeiningar er að finna í Uglu undir „Nám og kennsla”

<https://ugla.hi.is/cms/milli.php?sid=4980>

2.6 Skipulag skólastarfs eftir enduropnun

- Neyðarstjórn skal hittast og ákveða þau skref og þann viðbúnað sem skal hafður.
- Huga skal að heilsu og öryggi nemenda og starfsmanna.
- Rektor og forsetar fræðasviða skulu gera áætlun um framhald skólastarfsins í samræmi við stöðu mála.
- Upplýsinga og samskiptasvið mun upplýsa nemendur, kennara og aðra sem hagsmuna eiga að gæta um áætlun skólans um framhald skólastarfsins í samráði við neyðarstjórn skólans.
- Undirbúa húsnæði fyrir kennslu.
- Yfirfara viðbragðsáætlun í ljósi reynslu.

3 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/Breytingar
1. útgáfa	4. mars 2020	1. útgáfa gefin út
2. útgáfa	7. mars 2020	Neyðarstig endurskoðað
3. útgáfa	10. mars 2020	Fjarkennsluleiðbeiningar fluttar í uglu
4. útgáfa	24. september 2020	Viðbrögð við smiti bætt inn